

Bæjarfréttir

Miðvikudagur,
8. nóvember, — 311. dagur
ársins.

Sjávarföll.

Ardegisflóð var kl. 3.50. —
Síðdegisflóð verður kl. 16.15.

Ljósatími

bífreiða og annarra ökutækja
er kl. 16.20—8.09.

Næturvarzla.

Næturleknir er í Læknavarð-
stofunni; sími 5030. Næturvörð-
ur er í Reykjavíkur Apóteki;
sími 1760.

Viðsjá,

3. hefti þessa árs, er nýkom-
in út og flytur að venju margar
smásögur og greinar, til
skemmtunar og fróðleiks. Rit-
stjóri er Hilmar Biering.

Bæjarráð

hefir samþykkt, að hafa megi
kaffisölu (frá vagni) vestur við
bátahöfnina við Grandagarð, og
mælir með því, að Guðrún Ing-
ólfsdóttir, Klapparsíg 40, fái
leyfi til starfrækslu þessarar
kaffisölu.

Að fenginni umsögn

Íþróttabandalags Reykjaví-
kur hefir bæjarráð sýnað styrk-
beiðni frá Skíðafélaga Reykja-
víkur, vegna bruna, er varð á
Skíðaskálanum í Hveradölum
í febrúar þ. á.

Allmargir lögreglumenn

stunda nú námskeið í ensku hjá
málaskólanum Mími. Hefir
bæjarráð samþykkt að verða
við erindi lögreglustjóra um
greiðslu kostnaðar við nám-
skeiðin.

Festardufl

hafa verið lögð á ytri höfn
Reykjavíkur, skammt út af
norðurenda Örfiriseyjar. Eru
þau rauð í 55 m. langri keðju.
Á svipuðum slóðum hefir verið
fest ljósdufl til aðvörunar fyrir

sjófarendur. Eru skip, sem
þarna eiga leið um í myrkri,
áminnt um að sigla í hvítu ljós-
horni Sjómannaskólavítans.

Ókeypis handavinnukennsla.

Kennaradeild Handíðaskólans
efnir til ókeypis kennslu í
handavinnu fyrir stúlkur á aldr-
inum 13—19 ára. Hverjum
námsflokki verður kennt einn
dag í viku, kl. 3—5 síðdegis.
Ungfrúnar Sigríður Arnlaugs-
dóttir og Elínborg Aðalbjarnar-
dóttir, sem báðar eru kennarar
við kennaradeild skólans, kenna
á námskeiðum þessum.

Stúlkur, sem vilja taka þátt í
þessu námi, verða að hafa sent
skrifstofu skólans umsóknir
sínar fyrir lok þessarar viku.

Frá Handíðaskólanum.

Vegna mikillar aðsóknar að
síðdegis- og kvöldnámskeiðum
skólans hefir orðið að fjölga
námsflokkum í nokkurum
námsgreinum. Auk frú Ester
Búadóttur listmálara, sem ken-
nir teiknun og meðferð lita á
kvöldnámskeiði, kennir Jóhan-
nes Jóhannesson listmálari sömu
greinir á öðru kvöldnámskeiði,
sem er í þann veginn að byrja.
— Enn mun vera hægt að bæta
3—4 nem. við í námsflokkka
einnig að byrja í smíði drengja,
þessa. — Nýir námsflokkar eru
leikfangagerð fyrir telpur og
teiknun barna.

Frétt frá

viðskiptamálaráðuneytinu.

Nýlega fóru þeir dr. Sigurð-
ur Pétursson, gerlafræðingur,
og dr. Þórður Þorbjarnarson,
forstöðumaður rannsóknarstofu
Fiskifélags Íslands, til Bandar-
íkjanna. Mun dr. Sigurður
dveljast vestra í 8 mánuði og
kynna sér gerlarannsóknir m. a.
í sambandi við fiskiðnað. Dr.
Þórður mun dveljast í Bandar-
íkjunum í 3 mánuði og kynna
sér ýmskonar rannsóknir í
þágu fiskiðnaðar.

För þeirra dr. Sigurðar og

dr. Þórðar er einn liður tækni-
legrar aðstoðar, sem efnahags-
samvinnustjórnin í Washington
veitir, og greiðir hún allan er-
lendan kostnað vegna fararinnar.

Háskólafyrirlestur.

Martin Larsen sendikennari
flytur fyrirlestur um Grim
Thomsen og H. C. Andersen í
II. kennslustofu háskólans í
dag, miðvikudaginn 8. október
kl. 7.30 e. h. Öllum heimill að-
gangur.

Minningarguðspjónusta

Venga fráfalls Hans Hátign-
ar Gustafs konungs verður hald-
in í dómkirkjunni útfarardag-
inn, fimmtudag 9. nóvember kl.
2 e. h.

Félag stofnað í Súgandafirði.

Hinn 15. okt. s. l. var á Suð-
ureyri í Súgandafirði stofnað
Heilsuverndarfélag Súgafirð-
inga, sem deild í Náttúrulæk-
ningafélaga Íslands. Form. fé-
lagssin var kosinn Aðalsteinn
Hallsson, skólastjóri, og með-
stjórnendur síra Jóhannes Pál-
son (ritari), Salberg Guð-
mundsson, vélsm. (gjaldkeri),
Kristján B. Eiríksson, trésm.,
og frú María Friðriksdóttir. —
Stofnendur voru 42, og ríkir
mikkil áhugi meðal Súgafirðinga
um þessi mál sem önnur menn-
ingarmál.

Útvarpið í kvöld.

Kl. 20.30 Kvöldvaka: a) Gunnar M. Magnússon rithöf-
undur flytur erindi; Grænle-
ingar gista Ísafjörð (fyrri er-
indi). b) Andrés Björnsson les
úr ljóðmælum Simonar Dalas-
kálds. c) Einsöngur: María og
Einar Markan syngja (plötur).
d) Vilhjálmur P. Gíslason flyt-
ur hugleiðingar eftir síra Jón-
mund Halldórsson á Stað í
Grunnavík: Prestur í 50 ár. —
22.00 Fréttir og veðurfregnir.
22.10 Danslög (plötur). —
22.30 Dagskrárlok.

Hvar eru skipin?

Eimskip: Brúarfoss var vænt-
anlegur til Sauðárkróks síðdeg-
is í gær; fer þaðan á Húnaflóa-
hafnar. Dettifoss fór frá Rvk.
2. nóv. austur um land til Rvk.
Fjallfoss fór frá Rvk. 4. nóv.
til Leith og K-hafnar. Godafoss
fer frá Rvk. í dag kl. 18 til
New York. Gullfoss er í Kaup-
mannahöfn. Lagarfoss er í
Rvk. Selfoss fór frá Uleá í
Finnlandi 3. nóv. til Rvk.
Tröllafoss kom til New York
31 okt.; fer þaðan væntanlega
í dag til Rvk. Laura Dan ferm-
ir í Halifax um 20. nóv. til
Rvk. Pólstjarnan fermir í Leith
til Rvk. Heika fór frá Hamborg
4. nóv. til Antwerpen, Rotter-
dam og Rvk. Foldin fermir í
Hull til Rvk.

Ríkisskip: Hekla fer frá Rvk.
kl. 20 í kvöld austur um land
til Siglufj. Esja er í Rvk.
Herðubreið er í Rvk. Skjald-
breið var væntanleg til Sauð-
árkróks í gærkvöldi á norður-
leið. Þyrill er væntanlegur til
Rvk. í dag að austan úr hring-
ferð. Straumey fer frá Rvk. í
dag til Snæfellsneshafna, Gils-
fjarðar og Flateyjar.

Veðrið:

Skammt út af Reykjanesi er
mjög djúp lægdarmiðja á hreyf-
ingu austureftir.

Horfur: Allhvass suðaustan
og rigning fyrst. Allhvass norð-
an eða norðvestan og slyssuél
þegar liður á daginn.

Barnaverndarfélag Rvíkur

efnir til skemmti- og kynning-
arkvölds í Listamannaskólanum
í kvöld kl. 9. Próf. Sigurbjörn
Einarsson flytur erindi, frú
Þuríður Pálsdóttir og ungfrú
Guðrún Tómasdóttir syngja
tvísöng. Þá verður kaffi-
drykkja og frjálssar umræður.


Ánægjulegur hádegisverður NLF.

Náttúrulækningafélag Rvk.
og Wearlandsfélagið Gró-
andi efndu til hádegisverðar
í sjálfstæðishúsinu í gær.

Var borðhald þetta með
nokkuð sérstökum hætti, því
að þarna var ekkert kjöt né
neins konar fiskmeti á boð-
stólum, en hins vegar gnægð
kálmetis, mjólkurmatar og
annars lostætis, sem sjaldséð
er á borðum. Var viðurgern-
ingur allur hinn bezt, nógur
og fjölbreyttur, og mun það
mál flestra, sem þarna voru
saman komnir, á annað
hundrað manns, að hóf þetta
hafi tekið með miklum
ágætum.

Björn L. Jónsson, form.
N.L.F.R., ávarpaði gestina
nokkurum orðum og drap á
áhugamál náttúrulækning-
anna og nauðsyn þess, að
menn neyttu meira grænmet-
is en tíðkaðist, enda bæri að
auka innflutning grænmetis
og ávaxta.

Meðal gesta voru fulltrúar
innflutningsyfirvaldanna, Al-
þingis, íþróttasamtaka, inn-
flytjenda, blaðamanna og að
sjálfsgöðu húsmæðrakenn-
ara o. fl.



Brandur Brynjólfsson hdl.
Málflutningur — Fasteignasala
Austurstræti 9. Sími 81320.

EGGERT CLAESSEN
GUSTAF A. SVEINSSON

hæstaréttarlögmenn

Hamarshúsinu, Reykjavík.

Allskonar lögfræðistörf
Fasteignasala.

1200 manns gengu í RKÍ.

1200 manns gengu í
Reykjavíkureild Rauða
Kross Íslands á sunnudaginn.

Reykvikingar tóku félag-
söfnun Rauða Krossins á
sunnudaginn ágætlega. Enn
eiga nokkrir þeirra sem söfn-
uðu félögum eftir að gera
skil, en komnir eru 1200 nýir
félagar í deildina.

Síðar mun reynt að senda
í allmörg hverfi bæjarins,
sem ekki reyndist unnt að
ná til, en þeir sem vilja ger-
ast félagar eru beðnir að
hringja í skrifstofusíma R.
K. Í. 4658 og láta skrá sig
sem félaga.

Reykjavíkureildin biður
blaðið að færa unga fólkinu
bezta þakklæti fyrir ágætt
starf og þakkar Reykviking-
um skilning á starfsemiinni.
Þessir skólar önnuðust fé-
lagsöfnunina.

Hjúkrunarkvinnaskóli Ís-
lands, Húsmæðraskóli Reykja-
víkur, Gagnfræðaskóli Vest-
urbæjar og Ljósmeðraskól-
inn.

Reykvíkingar, sem ekki
náðist til á sunnudaginn var,
tilkynnið þátttöku yðar í síma
Rauða Krossins 4658 eða
komið í skrifstofuna í Thor-
valdsensstræti 6.

Jóns Arasonar minnst í Háskólanum.

Heimspékideild Háskóla
Íslands efndi í gær til sam-
komu í Hátíðasal Háskólans
til að minnast 400. ártíð
Jóns biskups Arasonar.

Hófst athöfnin á því, að
próf. Einar Ól. Sveinsson
setti samkomuna og minntist
Jóns Arasonar, en annars
flutti próf. Þorkell Jóhannes-
son ítarlegt erindi um hann.
Dómkirkjukórinn söng á
undan og eftir erindi próf.
Þorkels, en þá las Lárus Pál-
son kvæði Ólafs Tómassonar
um Jón Arason og syni hans,
en að því búnu var þjóðsöng-
urinn sunginn.

Jóns Arasonar var einnig
minnt í ýmsum skólum
landsins.

Til gagns og gamans

Úr Vísi fyrir 35 árum.

Í Vísi mátti lesa eftirfarandi
hinn 11. nóvember 1915:

Krían að verða vetrargestur?
Haft er eftir Mýramönnum, að
krían hafist þar við eftir vetur-
nætur. Krían, sem annars held-
ur altaf áætlan og gjörir mörgu
gufuskipafélaginu skömm til.

Brokeyjarféðgar fóru tungl-
vilt hér á árunum, er þeir komu
til Jens rektors í ágústlok, en
þetta er enn meiri rímvilla hjá
kríunni. Hún hafði líka verið
að verpa vestur þar í júlí og
ágúst í sumar. Vissi hvað hún
mátti bjóða sér þetta sumarið.


Minnir þetta, og berjattur
Ísfríðinga fyrsta vetrardag, á
Hákonarkvíðu Sturlu Þórðar-
sonar, er útfluglar urpu tvísvar
og aldinviður þar tvöna blóma
á einu sumri. N.k.b.

„Mars“ kom inn í morgun.
Ekkert fæst þó í söðið nema
þorskhausar, að sögn.

— Smælki —

Árið 1878 — 7. nóv. — gerð-
ist sá fáheyrði atburður í
kirkjugarði í New York, að
líki var rænt þar úr gróf, rétt
fyrir dögum. Höfðu líkræningj-
arnir á burt lík A. T. Stewart
og kröfðust mikils lausnarfjár.
Maðurinn hafði verið marg-
faldur miljónamæringur og
þeir vildu fá 200.000 dali í skipt-
um fyrir líkið. Höfust nú nokk-
urskonar bréfavíðskipti í dag-
blaði í borginni, á milli líkræ-
ningjanna annarsvegar og fjöl-
skyldu auðkífingsins hinsveg-
ar. Samningar stóðu yfir í þrjú
ár og féllust líkræningjarnir
loks á að láta sér nægja 20.000
d., ef sendimaður frá ættingjum
Stewarts vildi hitta þá á tiltek-
num vegi, kl. 3 tiltekinn dag.
Fundurinn var örstuttur, sendi-
boðinn afhenti peningapokann
þegjandi, en tók aftur við beina-
poka í staðinn. Þrír grímumenn
færðu honum lausnarféð og
varð aldrei uppvíst hverir þeir
voru.

Krossgáta nr. 1182



Lárétt: 2 Hljóma, 5 forsetn.,
7 knattspyrnufél., 8 loftefni, 9
skammstöfun, 10 utan, 11 nokk-
ur, 13 kvenskass (útl.) 15
skólavist, 16 kveikur.

Lóðrétt: 1 Rekjast, 3 sigla,
4 í eldhúsi, 6 aur, 7 veitinga-
stofa, 11 sjá 11 lárétt, 12 félag,
13 eignast, 14 tveir eins.

Lausn á krossgátu nr. 1181.

Lárétt: 2 ama, 5 ek, 7 of 8
klúryrt, 9 tón, 10 mi, 11 tin, 13
tónar, 15 lóm, 16 ger.

Lóðrétt: 1 sekta, 3 Martin, 4
eftir, 6 kló, 7 orm, 11 tóm, 12
nag, 13 tó, 14 RE.